

**Ed. 370. Tillaga til þingsályktunar**

um störf félagsdóms.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að félagsdómur sé ætíð og á öllum tímum árs tilbúinn að vinna starf sitt, þegar málum er skotið til hans, og að dómurinn haldi hiklaust áfram dómstörfum við hvert það mál, sem heyrir undir verksvið hans og er skotið þangað til úrskurðar. Ef reynslan sýnir, að löggjöfinni um skipulag félagsdóms sé að einhverju leyti áfátt, svo að hann geti ekki þess vegna orðið við framangreindum kröfum, er þess vænt, að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi tillögur um þær umbætur á skipulagi réttarins, sem telja mætti nauðsynlegar.

**G r e i n a r g e r ð .**

Félagsdómur tók sér mjög langt sumarleyfi nú í ár, og tafðist óhjákvæmileg afgreiðsla máls, sem lá fyrir réttinum, við það. Félagsdómur frestaði auk þess vinnu við mál þetta á mjög áberandi hátt, eftir að hinu langa sumarleyfi var lokið. Ef félagsdómur getur ekki hiklaust unnið að þeim málum, sem hann á að fjalla um, má búast við, að litill verði árangur af starfi hans, einkum þar sem til er flokkur manna í landinu, sem árum saman og enn í dag fullyrðir, að verkamannastéttinni sé að öllu leyti affarasælast að sækja og vinna mál sín með handaflinu. — Ef félagsdómur liggur í dái á sumrin, mun ofbeldið vaka.